

# Skil á hlutafjármíðum til skattyfirvalda

Embætti ríkisskattstjóra minnir á skyldu hlutafélaga, einkahlutafélaga, samlagshlutafélaga og samvinnuhlutafélaga til að skila skattyfirvöldum hlutafjármíðum vegna ársins 2013. Minnt er á að unnt er að skila hlutafjármíðum með **rafrænum hætti** í gegnum Gagnaskilakerfi RSK á þjónustusíðu á [www.skattur.is](http://www.skattur.is). Skila skal upplýsingum um **hlutafjáreign** allra hluthafa í árslok 2013, innlendra sem erlendra, sem og upplýsingum um **greiddan arð** á árinu 2013 og **staðgreiðslu** **fjármagnstekjuskatts** af honum. Miðunum á **alltaf** að skila, hvort sem arði var úthlutað eða ekki á árinu 2013. Upplýsingarnar verða m.a. nýttar til að auðvelda einstaklingum framtalsgerð og tímanleg skil þeirra koma í veg fyrir óparfa fyrirhöfn framteljenda, skattyfirvalda og hlutafélaganna sjálfra.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI		Hlutafjármíði vegna tekjuársins 2013					
<b>Upplýsingar um hluthafa/eiganda</b>							
01 Kennitala	220222-2229	Kennitala forráðanda ef eigandi er barn					
Nafn og heimilisfang				Nafn hlutafélags og kennitala			
Jón Jónsson Rima 24 112 Reykjavík				421212-1919 Verksmiðjan hf. Rima 25 112 Reykjavík			
<b>Hlutabréf</b>		76 Útg. jöfnunarhlutabréf á árinu	77 Hlutafjáreign í árslök	78 Greiddur arður á árinu (heild)	79 Par af arður talinn sem laun skv.	80 Stadgreiðsla af arði	81 Dags. arðgreiðslu
		0	250.000	25.000	0	5.000	15.4.13
<b>Stofnijárbréf sparisjóðanna</b>		80 Endurmat stofnijár á árinu	81 Stofnijáreign í árslök	84 Greiddur arður á árinu	85 Stadgreiðsla af arði	86 Dags. arðgreiðslu	
RSK 2.045							
Frumrit: Til ríkisskattstjóra							

**Vakin er athygli á sérstökum reit á hlutafjármíða, þar sem færa skal þann hluta arðgreiðslu sem farið er með sem laun skv. 3. máisl. 1. mgr. 11. gr. skattalaga.**

Í reit 79 skal aðeins færa greidda staðgreiðslu af **arði**. Ekki staðgreiðslu af þeim hluta arðs sem talinn er sem laun.

Frestur til að skila upplýsingunum með rafrænum hætti er til **10. febrúar 2014**. Sé upplýsingunum skilað á pappírformi er skilafresturinn styttri, eða til 30. janúar. Vanskilum hlutafélaga á þessum upplýsingum verður fylgt eftir, m.a. í tengslum við skil á skattframtí 2014.

**Vakin er sérstök athygli á því að unnt er að skila umræddum upplýsingum í gegnum Gagnaskilakerfi RSK á vefnum. Kerfi þetta auðveldar til muna þessi upplýsingaskil en aðgangur að því er í gegnum þjónustusíðu lögaðila á [www.skattur.is](http://www.skattur.is) og krefst veflykils.**

Nánari upplýsingar um skilaleiðir er hægt að fá í **síma 442 1000**.